

Aðalsteinssonar að innflutningi á þeim 340 grömmum af amfetamíni er lög-reglan lagði hald á sl. miðvikudag.

Eftir er að yfirheyra Helga mun ítarlegar um alla þætti máls þessa svo sem fjármögnun utanferða svo og að yfirheyra hugsanleg vitni og/eða sam-seka og er rannsókn málsins á algjöru frumstigi.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir Helga Aðalsteinssyni, fæddum 23.3.1954. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt að 30 dagar frá því kl. 15.45 í dag laugardaginn 5. apríl 1986 að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23.3.1954, nú til heimilis að Breiðvangi 14, Hafnarfirði, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 daga frá því kl. 15.45 í dag laugardaginn 5. apríl 1986 að telja..

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 21/1986.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gísla Guðnasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guð-mundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálms-son.

Héraðsdómi var af hálfu ákærvalds áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar sl. til ákvörðunar refsingar samkvæmt ákæru, en ákærði hafði viljað hlíta dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæsta-rétti 28. febrúar sl.

Enda þótt gögn málsins bendi mjög til þess að það hafi eigi getað

dulist ákærða hvernig andlegu ástandi K var háttað, þykir þó varhugavert að telja það sannað gegn framburði ákærða sem kveðst eigi hafa áttað sig á því fyrr en eftir á að ekki væri allt með felldu um gáfnafar stúlkunnar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu að refsa beri ákærða samkvæmt 195. gr. sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en rétt er að fullnustu $\frac{2}{3}$ hluta refsingarinnar verði frestað skilorðsbundið til tveggja ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Guðnason, sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 5. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 677/1985: Ákærvaldið gegn Gísla Guðnasyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. febrúar 1984, gegn ákærða Gísla Guðnasyni bifreiðarstjóra, Sogavegi 152 í Reykjavík, fæddum þar í borg 8. júní 1943, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983 haft samræði utan hjónabands við stúlkuna K, fædda ... 1963, sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í hús-næði bifreiðaverkstæðisins „Vélarinnar“ við Kænuvog í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í máli þessu var kveðinn upp dómur í sakadómi Reykjavíkur 13. desember 1984, en sá dómur var ómerktur með dómi Hæstaréttar 11. október 1985 og málinu vísað heim í hérað á ný.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —
[Sakavottorð tilgreinir dóm fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga (1961), dóm fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga (1963) og dóm fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga (1965), ennfremur 6 sektir samkvæmt dómsátt.]

Málsatvik eru sem hér segir:

Föstudaginn 15. apríl 1983 um kl. 19 var stúlkan K á gangi á Laugavegi í Reykjavík nálægt húsi nr. 17. Bar þá að Ólaf Guðbjartsson í bifreið sinni og bauð hann K að setjast inn í bifreiðina hjá sér og þáði hún það. Í framburðum sínum ber þeim ekki saman.

K segir að Ólafur hafi stöðvað bifreiðina og kallað til sín að koma inn í bílinn, viðurkennir samt að hún hafi veifað til hans í kveðjuskyni. Ólafur segir hins vegar að K hafi gefið sér bendingu um að stansa. Ljóst er að K fór inn í bílinn án líkamslegs mótþróa, enda kveðst hún hafa þekkt Ólaf og ekkert vera hrædd við hann.

Við yfirheyrslu hjá RLR 17. apríl 1983 skýrir K frá því að hún hafi nokkrum sinnum farið í bíltúra með Ólafi og þau haft samfarir að frumkvæði Ólafs, einu sinni úti í Laugarnesi og tvisvar úti á Seltjarnarnesi, alltaf inni í bílnum.

Eftir að hafa hleypt K inn í bíl sinn á Laugaveginum ók Ólafur inn á Sogaveg. Tók hann upp í bílinn ákærða Gísla Guðnason, en þeir eru vinnufélagar á Steypustöðinni. Var síðan ekið að verkstæði við Súðarvog, sem heitir Vélin sf. Fóru þau öll inn að uppástungu Ólafs. Þar var fyrir Þorsteinn Guðni Guðnason, bróðir ákærða. Einnig Ómar Sævar Árnason frá Neskaupstað, sem er frændi Þorsteins Guðna. Voru þeir báðir að gera við bíl.

Frásögn K er sú að eftir stutta dvöl á verkstæðinu hafi ákærði boðið henni upp á loft til að sjá hvar gert væri við mótörhjólin. Fóru þau upp. Kveðst K ekki hafa viljað fara upp en ákærði hafi sagt sér að vera ekki hrædd. Í herbergi á loftinu var dívan, borð og stólar. Tók ákærði þar að fara höndum um stúlkuna á nærgöngulan hátt og losa um föt hennar. Kveðst K hafa verið hrædd og hálfgrátandi en þó hvorki hafa kallað á

hjálp né veitt líkamlegt viðnám. Ákærði læsti dyrunum „þegar allt virtist vera í lagi“, svo að notuð séu hans eigin orð og hafði samfarir við stúlkuna á divaninum. Segir ákærði að K hafi ekki verið neikvæð gagnvart þessu. Hins vegar kveðst hann hafa farið að þessu „eins diplomatískt og hægt er“. Bendir það til þess, að K hafi ekki verið sérstaklega viljug til samfara.

Í yfirheyrslu hjá RLR 4. maí 1983 segir ákærði: „Eftir samfarirnar tók ég eftir því að það var ekki allt með felldu varðandi gáfnafar stúlkunnar“ og vitnar hann þar í samtali þeirra. Nokkurt samtal fór fram fyrir kynmök-in, en ekki verður fullyrt að ákærði hafi þá þegar gert sér hugmynd um gáfnafar hennar. Segir hann þó: „Hins vegar virkaði hún ekki gáfuleg að sjá.“

Síðan fóru ákærði og K niður. Eitthvert áfengi var haft um hönd og smakkaði K á því, eitt glas. Ólafur Guðbjartsson telur að ákærði og K hafi verið uppi á loftinu um 5 mínútur. Ómar Sævar Árnason telur þennan tíma hafa verið 15-20 mínútur.

Þá vildu piltarnir lofa K að keyra mótörhjól en hún vildi það ekki. Ók Þorsteinn Guðni með hana stuttan spól. (K misnefnir hann Bjarna í fram-burði sínum). Ultu þau á hjólinu og K meiddi sig í hægri öxl og hendi og hlaut skrámur á olnboga. Ekkert meiðslanna var alvarlegt. Ákærði fór á brott eftir stutta stund ásamt Ómari Sævari.

Ólafur Guðbjartsson ók síðan K og Þorsteini Guðna frá verkstæðinu. Skildi hann við Þorstein Guðna í Fossvogi og ók þaðan með K á bílapvotta-stæði í Álfheimum. Urðu þar orðaskipti um að þau K hefðu samfarir. Ber frásögnnum þeirra ekki saman, kenna þau hvort öðru um að hafa hafið máls á þessu. Óku þau inn í Laugarnes og höfðu þar samfarir í framsæti bílsins. Sleit K þeim samförum, því að hún kvaðst þurfa að kasta af sér vatni og vætti hún bílsætið lítilsháttar. Enn óku þau vestur á Granda og áttu þar samræður um kynmök en ekkert varð úr þeim. Ólafur ók þá K til baka á Grettisgötu. Sérstakt sakamál hefur verið höfðað gegn Ólafi vegna þessa.

K er trúlofuð pilti sem nefnist I og er hann talinn treggáfaður. Fór K heim til hans og gisti hjá honum og höfðu þau samfarir um kvöldið.

K er 21 árs stúlka, talin þroskaheft frá fæðingu. Ekki er vitað um fæð-ingarerfðileika né heldur hvort ættingjar eru vangefnir. Stúlkan fluttist til Svíþjóðar með foreldrum sínum um 6 ára aldur og gekk hún þar í skóla fyrir þroskaheft börn. Foreldrar hennar skildu og kom hún heim með móður sinni 18 ára gömul. Hefur hún síðan gengið í Öskjuhlíðarskólann, sem er sérskóli fyrir vangefna. Hún er af skólastjóra og sálfræðingi skólans talin greindarskert. Einnig talin standa fremur illa að vígi ef miðað er við nemandahóp skólans en að mörgu leyti edlileg hvað varðar útlit og hegðun.

Móðir K, V, skýrir svo frá í yfirheyrslu hjá RLR að K hafi sagt sér frá ofangreindum atburðum daginn eftir. Hún athugaði K líkamlega en fann

ekkert athugavert utan þau meidsli er hún hlaut við fallið af mótörhjólinu. Móðirin telur K líkjast vitsmunalega 7 ára gömlu barni. Hún er hrædd við fullorðið fólk sem hún þekkir ekki. Verður hún stíf og þögul í návist þess og gerir það sem henni er sagt ef við hana er talað í ákveðnum skipandi tón. Segir móðirin að við slík tækifæri reyni K hvorki að koma sér burtu né kalla á hjálp.

Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður ber að í viðtali hafi hann orðið að tala við K eins og barn og nota einföld hugtök. Ekki var hægt að lesa henni skýrslu á venjulegan hátt, heldur varð að segja innihald hennar á einföldu máli.

K er þó fær um að vinna í fiskvinnslustöð fullt starf og ræður sjálf yfir vinnutekjum sínum.

Fyrir liggur skýrsla um rannsókn geðlæknis, Högna Óskarssonar, dagsett 7. febrúar 1984. Telur geðlæknirinn K hafa litla hæfileika til sjálfstæðra hugsana. Hugsanaferill hennar sé bundinn í fastmótað form og geta hennar að ráða við nýjar eða flóknar aðstæður sé lítil. Telur læknirinn að þetta leiði til þess að hún sé mjög háð þeim sem með henni er hverju sinni og hún eigi erfitt með að standast beiðni eða skipun. Vitnað beint í ummæli læknisins, kemst hann svo að orði: „Vanfærni hennar kemur fljótlega fram í samræðum við hana.“ Og síðar í skýrslunni: „Lítill vafi er á því að þessir eiginleikar eða öllu heldur skortur á andlegu atgervi K ættu ekki að fara framhá neinum sem ræðir við hana eins og aðra einstaklinga á hennar aldri.“

Í viðtali við geðlækninn kom fram að K hefur reynslu í kynlífsmálum og veit þeirra sæmileg skil. Sagði hún lækninum að nokkuð oft væri leitað á sig kynferðislega en kvaðst yfirleitt ýta þannig málaleitunum frá sér og vilja vera trú I, kærasta sínum.

Þá liggur fyrir rannsókn sálfræðings, Baldvins H. Steindórssonar, unnin í janúar 1984. Gerði sálfræðingurinn greindarpróf (Wechsler) fyrir fullorðna. Niðurstöður prófsins sýna heildargreind vera á mörkum þroskaheftra (Grv. 55-70) og mjög þroskaheftra (Grv. 45-55). Telur sálfræðingurinn möguleika einstaklinga í þessum hópi til að bregðast við fjölbreytni í umhverfinu vera mjög skerta. Þó kom K einna best út úr þeim þætti prófsins er mælir skilning á félagslegum aðstæðum, enda hefur hún aðlagast í starfi. Sálfræðingurinn telur K þroskahefta stúlku sem ber það þó ekki með sér í útliti sínu. Hennar besta er viss einfaldur skilningur á félagslegum aðstæðum. Greind hennar er svo skert að sálfræðingurinn telur að hún muni eiga erfitt með að bregðast sjálfstætt við flóknum ástæðum eða aðstæðum, sem fylgir mikið álag. Þá telur sálfræðingurinn „að enginn, sem talist getur hafa eðlilega greind og vera ábyrgur gerða sinna, geti verið sam-

vistum við þessa stúlku einhvern tíma án þess að gera sér grein fyrir verulegum greindarfarslegum takmörkunum hennar.“

Kynni ákærða Gísla af K voru engin fyrir en þau hittust á ofanefndu vélaverkstæði. Ekki er ljóst hvað þeim fór á milli áður en farið var upp á loftið. K virðist ekki hafa verið fús til samfara. Sjálf segist hún hafa verið „hrædd og kjökrandi“. Ákærði kveðst hafa hagað sér „diplomatískt“ við að fá hana til samfara. Telur hann að eftir samfarirnar hafi þau talað saman og þá hafi honum fundist „ekki allt með felldu“ varðandi gáfnafar stúlkunnar. Hins vegar virðist samtal þeirra hafa verið aðallega fyrir samfarir, en eftir á hafi þau farið fljótlega niður af loftinu. Í þessu efni verður ekki talið sannað að ákærði hafi gert sér fulla grein fyrir gáfna-takmörkunum stúlkunnar. Hins vegar hefur hann ekki sýnt þá varkárni sem ætlast má til af honum.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan um andlegt heilbrigði K verður talið að þannig hafi verið ástatt um hana greint sinn að hún hafi ekki eins og á stóð getað spornað við samræði við ákærða í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnframt því verður litið svo á, að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi þannig að brot hans verður fært undir 204. gr. nefndra laga.

Rétt þykir að fresta ákvörðun refsingar ákærða og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði amennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sína, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 6.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Gísla Guðnasonar, er frestað og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 6.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.